

Nd.

121. Frumvarp

til laga um ábyrgð rikissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 85 þús. kr. lán fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til kaupa á 3 vélbátum, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefir sjávarútgerð á Stokkseyri verið stunduð um langt skeið, og oft með mjög góðum árangri. Þar var og um langa stund rekin verzlun í allstórum stíl. Landbúnaður hefir þar og verið stundaður af allmörgum íbúum kaupsins. Meðan þessi starfsemi öll var stunduð að nokkru ráði, var hagur kaupsins góður og afkoma íbúa þess sæmileg. En fyrir rás viðburðanna hefir þetta breytt mjög til hins verra hin síðari ár.

Verzlun á Stokkseyri er engin að kalla, sízt að hún sé íbúum kaupsins

til nokkurrar styrktar. Sjávarútgerðin hefir gengið þar mjög til þurrðar, svo að nú eru þar aðeins 6 bátar og mjög óvist um, hvort eigendur sumra þeirra geta gert þá framvegis út þaðan.

Landbúnaður hefir þar heldur aukizt frá því, sem áður var, en hann veitir íbúum kaupsins hvergi nærri fullt bjargræði.

Sakir þessa ástands í atvinnuháttum íbúa kaupsins, sem ríkt hefir hin seinni ár, hefir atvinna hjá fólkinu verið afarrýr og það lifað við þröngan kost, og alltaf fer þetta versnandi með hverju árinu, sem líður. Vegna atvinnuleysisins hefir hag sveitarfélagsins og fólksins stórhraðað frá því, sem áður var. Hagur sveitarfélagsins sjálfs er nú hinn hörmulegasti og sveitargjöldin afarhá, þegar tekið er tillit til tekna gjaldþegnanna.

Íbúa kaupsins skortir með öllu fjárhagslega getu til að afla sér af eigin rammleik báta og annars, er til útgerðar þarf. Hinsvegar hafa sjómenn á Stokksseyri mikinn hug á að bjarga sér, og ekki skortir þá þekkingu og dugnað til sjó-sóknar, en fjármunina vantar þá.

Nú hafa þeir bundizt samtökum í því skyni að reyna að afla sér báta til útgerðar, og hafa óskað þess, að ég flytti þetta mál á Alþingi. Lendingarbætur hafa verið gerðar allverulegar á Stokkseyri hin síðari ár, og hefir innsiglingin þar við það batnað stórkostlega, svo að hana má nú venjulegast telja allsæmlega. Sjávarútgerð er þess vegna nú miklu tryggari frá þessum stað heldur en hún áður var.

Það er alveg ljóst, að ef ekkert verður gert nú á þessu þingi til að greiða fyrir íbúum kaupsins, svo að þeir geti aflað sér báta til útgerðar, þá getur ekki hjá því farið, að á næsta ári þarf það opinbera að veita þeim allmikla fjárhæð til atvinnubóta. Það er því ekkert vafamál, að miklu hyggilegra og hagkvæmara er að veita þeim þennan stuðning, sem hér er farið fram á, svo að þeir geti bjargað sér sjálfir, heldur en að láta þá hafa fé úr rikissjóði til atvinnubóta. Íbúar kaupsins hafa mikinn hug á að bjarga sér sjálfir, og það opinbera þarf að hjálpa þeim til þess. Þetta er bjargráðaráðstöfun fyrir íbúa Stokkseyrar, sem ég vona, að þeim nægi, ef hún kemst í framkvæmd, og er þeim hugþekkust, úr því sem gera er, og verður rikissjóði langódyrust.

Nánar í framsögu.